

From: Skjaladeild
Sent: þriðjudagur, 10. mars 2020 11:24
To: Halldór Karl Hermannsson
Subject: Bókun Miðflokks á 583. fundi bæjarstjórnar

Sæll Halldór.

Á 583. fundi bæjarstjórnar var eftirfarandi bókað:

6. Fundargerð stjórnar Reykjaneshafnar 20. febrúar 2020 (2020010252)

Forseti gaf orðið laust um fundargerðina. Til máls tók Margrét Þórarinsdóttir sem lagði fram eftirfarandi bókun:

„Fyrirspurnir til hafnarstjórnar Reykjaneshafnar – óskað er eftir að þær fari í fundargerð og verði bókaðar og þeim verði svarað sem fyrst á vettvangi bæjarstjórnar

- 1. Hverjar eru skuldir Reykjaneshafnar 1. janúar 2020?*
- 2. Í fundargerð frá 20. febrúar s.l. kemur fram að endurfjármagna eigi langtímaskuldir hafnarinnar, hvað eru þær háar?*
- 3. Hvað eru skammtímaskuldir hafnarinnar háar?*
- 4. Á sama fundi var veitt heimild til að taka skammtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta fjárþörf til greiðslu afborgana á skuldbindingum gagnvart sjóðnum meðan endurfjármögnun þeirra skuldbindinga liggur fyrir. Hver er upphæð þessa láns?*
- 5. Vofir greiðslufall yfir Reykjaneshöfn komi þessi lánveiting ekki til?*
- 6. Hvað greiddi höfnin í vexti af lánum 2019, 2018, 2017, 2016 og 2015?*
- 7. Hverjar voru tekjur Reykjaneshafnar 2019, 2018, 2017, 2016 og 2015?*
- 8. Er unnið að leiðum til að auka tekjur Reykjaneshafnar, ef svo er hverjar eru þær?“*

Margrét Þórarinsdóttir Miðflokki (M)

Til máls tók Guðný Birna Guðmundsdóttir.

Fundargerðin samþykkt 11-0.